

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

117. gr. orðast svo:

Íprótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild veitir kennslu sem hér segir:

- a. *Til BA-prófs*: Tómstunda- og félagsmálafræði og þroskaþjálfafraeði.
- b. *Til BS-prófs*: Íprótta- og heilsufræði.
- c. *Til M.Ed.-prófs*: Íprótta- og heilsufræði, tómstunda- og félagsmálafræði og þroskaþjálfafraeði.
- d. *Til MA-prófs*: Þroskaþjálfafraeði.
- e. *Til MS-prófs*: Íprótta- og heilsufræði.
- f. *Til doktorsprófs*: Á fagsviðum þar sem deild metur að nauðsynleg aðstaða og sérþekking sé fyrir hendi.

Íprótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild er skipað í þrjár námsbrautir, sbr. ákvæði 21. greinar þessara reglna: Námsbraut í íprótta- og heilsufræði, námsbraut í tómstunda- og félagsmálafræði og námsbraut í þroskaþjálfafraeði.

Auk kennslu stendur deildin fyrir rannsóknum á fræðasviðum deildarinnar.

Deildin ákvarðar kennslugreinar og skiptingu þeirra í námskeið og um vægi þeirra.

Deildinni er heimilt að skipuleggja stuttar hagnýtar námsleiðir í grunnnámi, sbr. ákvæði 55. gr. reglna þessara. Deildinni er enn fremur heimilt að gefa kost á viðbótarnámi að loknu fullgildu háskólanámi.

Námið við íprótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild er ýmist skipulagt sem staðnám, fjarnám eða sveigjanlegt nám sem er samfíð staðnám og fjarnám og setur deildin nánari reglur um námið og skulu þær koma fram í kennsluskrá. Þar skal kveðið á um markmið, inntak og meginviðfangsefni námsins, að meðtalinni starfsþjálfun á vettvangi þar sem það á við. Einnig skal þar gerð grein fyrir tilhögun náms, kennsluháttum og námsmati.

Heimilt er að skipuleggja þær greinar sem tilgreindar eru sem aðalgreinar, auk annarra greina íprótta-, tómstunda- og þroskaþjálfafraeða, sem aukagreinar samkvæmt nánari ákvörðun deildarinnar.

Framhaldsnám til meistara- og doktorsprófs er skipulagt samkvæmt þessum reglum og nánari reglum sem íprótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild setur og háskólaráð staðfestir, sbr. 66. - 69. gr. þessara reglna. Lýsing á náminu skal koma fram í kennsluskrá.

Til BA-prófs í þroskaþjálfafraeði er krafist minnst 180 eininga.

Nám í þroskaþjálfafraeði er skipulagt með hliðsjón af lögum og reglum um starfsréttindi.

Til BS-prófs í íprótta- og heilsufræði er krafist minnst 180 eininga.

Til BA-prófs í tómstunda- og félagsmálafræði er krafist minnst 180 eininga og er stúdent heimilt að ljúka 120 einingum í aðalgrein og 60 í aukagrein.

Til M.Ed.-prófs er krafist 120 eininga náms að loknu BA-, B.Ed.- eða BS-prófi í námsleiðum deildarinnar eða skyldum greinum. Slíkt nám má skipuleggja sem rannsóknarnám þar sem loka- verkefni er minnst 30 einingar.

Til MA- og MS-prófs er krafist 120 eininga náms að loknu BA-, B.Ed.- og BS-prófi. Slíkt nám er skipulagt sem rannsóknarnám þar sem lokaverkefni er minnst 30 einingar.

Til doktorsprófs er krafist minnst 180 eininga í samræmi við ákvæði þessara reglna.

Diplómanám í þroskaþjálfafraeði er sjálfstætt 30 eininga framhaldsnám. Að loknu námi geta nemendur sótt um áframhaldandi meistaranám til MA-prófs í þroskaþjálfafraeði, hafi þeir lokið náminu með I. einkunn (7,25).

Diplómanám í heilbrigði og heilsuuppeldi er 30 eininga sjálfstætt framhaldsnám. Að loknu námi geta nemendur sótt um áframhaldandi meistaranám til MS- eða M.Ed.-prófs í íprótta- og heilsufræði, hafi þeir lokið náminu með I. einkunn (7,25).

Heimilt er að taka nemendur inn í sérstaklega skipulagt framhalds- og viðbótarnám annað hvert ár.

2. gr.

2. mgr. 118. gr. orðast svo:

Heimilt er stúdent í BA-námi í tómsunda- og félagsmálafræði að sækja nám í aukagrein til annarra deilda, að fengnu samþykki íþrótta-, tómsunda- og þroskaþjálfadeildar og þeirrar deildar sem námið er sótt til.

3. gr.

Við upptalningu í b-lið 1. mgr. 119. gr., á eftir orðunum „náms- og kennslufræði“, bætist kennslufræði grunnskóla.

4. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar á grundvelli laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 13. febrúar 2012.*

**Kristín Ingólfssdóttir.**

*Þórður Kristinsson.*